

Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2022

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna á sviði **geðræktar, næringar, hreyfingar og tannverndar** auk **áfengis-, vímu- og tóbaksvarna**.

Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- *Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu og félagsfærni.*
- *Aðgerðir sem miða að heilbrigðu mataræði, svefni og hreyfingu.*
- *Áfengis, vímu- og tóbaksvarnir.*
- *Verkefni sem tengjast kynheilbrigði.*
- *Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.*

Við úthlutun verður tekið mið af eftirfarandi stefnum:

- [Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi](#)
- [Stefna í áfengis- og vímuvörnum til 2020](#)
- [Stefna og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til 2020](#)
- [Þingsályktun um lýðheilsustefnu til ársins 2030](#)

Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:

- Verkefni sem unnin eru í víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í samfélaginu.
- Verkefni með eigin fjármögnun og/eða aðra fjármögnun.

Verkefnin eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skal skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember 2021.

Sótt er um á nýju vefsvæði Lýðheilsusjóðs, <http://lydheilsusjodur.is>

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.

Nánari upplýsingar á [vef embættis landlæknis](#).

Embætti landlæknis - Katrínartúni 2 - 105 Reykjavík - Sími 510 1900 - lydheilsusjodur@landlaeknir.is - www.landlaeknir.is